

Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli

# Starf stýrihóps um samhæft námsmat þriggja skóla í Grafarvogi

Edda Kjartansdóttir o.fl.



26. júní



## EFNISYFIRLIT

Þátttakendur .....	3
Markmið .....	3
Skipulag .....	4
Fundir stýrihóps .....	4
Fræðsla fyrir allan kennarahópinn .....	5
Afrakstur verkefnisins .....	5
Næstu skref .....	8
Lokaorð .....	9

Þróunarverkefni um samhæft námsmat í þremur skólum í Grafarvogi hófst haustið 2012. Verkefnið hlaut styrk frá Þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs og Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Myndaður var stýrihópur verkefnisins og ráðinn var verkefnisstjóri.

Kveikjan að þróunarverkefninu var af tvennum toga. Fyrst er til að nefna útkomu nýrrar aðalnámskrár árið 2011 sem, ásamt grunnskólalögunum frá 2008, gerir kröfu um endurskoðun á námsmati almennt. Þá skapaði sú ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur að Foldaskóli yrði safnskóli fyrir Húsa-, Hamra- og Foldahverfi haustið 2012 aukna þörf fyrir samræmingu og samvinnu milli grunnskólanna þriggja í sunnanverðum Grafarvogi um skipulag náms og námsmats.

## ÞÁTTTAKENDUR

Skólarnir sem tóku þátt í þróunarverkefninu eru þrír grunnskólar í Grafarvogi. Foldaskóli sem er grunnskóli með 500 nemendum í 1.-10. bekk, Húsaskóli sem er grunnskóli með 177 nemendum í 1.-7. bekk og Hamraskóli sem er grunnskóli með 140 nemendum í 1.-7. bekk.

Árið 2012 voru nemendur á unglingastigi Hamra- og Húsaskóla fluttir yfir í Foldaskóla þegar borgaryfirvöld ákváðu að breyta Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglingastigi. Jafnhliða þeirri breytingu var einhverfudeild í Hamraskóla flutt yfir í Foldaskóla. Þessi breyting er einn þáttur í þeirri ákvörðun stjórnenda skólanna að mikilvægt væri að vinna að samhæfingu á námsmati skólanna. Á þann hátt væri námsmatið mögulega skýrara fyrir foreldra og nemendur skólanna.

Starfsmenn þessara þriggja skóla eru um 133 talsins.

Hver skóli skipaði stýrihóp með verkefninu. Fyrir Foldaskóla sátu, Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri, Bára Jóhannsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Krístrún Guðjónsdóttir, deildarstjóri, Inga Rósa Þórðardóttir, umsjónarkennari og Jóhanna Antonsdóttir, umsjónarkennari í stýrihópi.

Fyrir Húsaskóla sátu Ásta Bjarney Elíasdóttir, skólastjóri og Erla Sigurðardóttir, umsjónarkennari í stýrihópi og fyrir Hamraskóla sátu Yngvi Hagalínsson, skólastjóri og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, aðstoðarskólastjóri ásamt Júlíönu Hauksdóttur, umsjónarkennara í stýrihópi.

Hlutverk stýrihóps var að sjá um skipulag og að leggja drög að því að umskrifa námsmatskafla í skólanámskrám skólanna. Vinna milli funda var skipulögð að mestu af stýrihópi.

Vinna kennara skólanna fólst í því að mæta á fræðslu- og vinnufundi og vinna verkefni á milli funda eftir því sem stýrihópur hvers skóla skipulagði.

Verkefnisstjóri var Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður SRR á Menntavísindasviði HÍ.

Verkefnisstjóri sinnti fræðslu fyrir stýrihóp og skipulagði námskeið með kennurum.

Lokaskýrsla um verkefnið var samin í sameiningu af verkefnisstjóra og stýrihópi verkefnisins.

## MARKMIÐ

Meginmarkmið verkefnisins voru að:

- Skapa möguleika fyrir fagfólk skólanna til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og árangursríkum námsmatsaðferðum.

- Gefa fagfólki tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra.
- Efla samstarf og samræmingu á námsmati milli skólanna þriggja þannig að eðlileg samfella verði í námi og námsmati á skólaferli nemenda.
- Vinna að samræmdri námsmatsstefnu skólanna þar sem m.a. komi fram markmið námsmats og fyrirkomulag á hverju stigi, skipt eftir árgöngum.

## SKIPULAG

Verkefnið hófst haustið 2012. Verkefninu var skipt í fræðslu fyrir alla kennara skólanna og umræðu og greiningu stýrihóps á fyrirbyggjandi námsmatsfyrirkomulagi skólanna, námsmati nýrrar aðalnámskrár og einnig var skoðað hvernig nýjar áherslur í námsmati eru birtar á vefsíðum nokkurra skóla.

Í skólunum var skipulagður lestur á nýrri Aðalnámskrá. Aðalnámskránni var dreift til kennara og gert var ráð fyrir tímum fyrir kennara skólanna til að lesa námsmatskafla hennar. Í Hamraskóla var bók Ernu Ingibjargar Pálsdóttur um fjölbreytt námsmat keypt fyrir kennara skólans en í Folda- og Húsaskóla var bókin keypt fyrir bókasöfn skólanna og kennarar skólanna lásu valda kafla í henni og voru kaflarnir teknir til umræðu í öllum skólunum.

Á haustönn var lögð áhersla á fræðslu, umræður og ígrundun en á vorönn var unnið að skipulagi og birting námsmats í skólanámskrám undirbúin, með höfuðáherslu á kafla um markmið með námsmati skólanna og form til að fylla inn í námsvísa/námsáætlanir. Í þeim kafla er gert ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika þrátt fyrir samhæfingu þannig að sérstaða og áherslur hvers skóla njóti sín.

Stýrihópur hittist til skiptist í skólunum þremur og einnig voru fræðsluerindi fyrir allan hópinn haldin til skiptis í skólunum þremur. Í janúar var haldinn sameiginlegur vinnudagur með öllum kennurum skólanna þar sem kennurum var gefið tækifæri til að ræða stöðuna eins og hún var í skólunum og setja fram sínar hugmyndir um næstu skref.

Í febrúar til júní 2013 var unnið að því að semja samræmdan kafla um markmið námsmats skólanna þriggja og leitað að formi sem hægt verður að setja námsáætlanir skólaársins 2013-2014 inn í. Kennarar skólanna þriggja tóku þátt í þessari vinnu hver á sínum stað.

Leitað var faglegrar ráðgjafar hjá HÍ o.fl. sérfræðingum um námsmat. Stýrihópur ákvað hvaða fyrirlesarar voru kvaddir til. Verkefnisstjóri sjá um samskipti við sérfræðingana, kom að skipulagsmálum en framkvæmd var að mestu í höndum stýrihóps.

## FUNDIR STÝRIHÓPS

Stýrihópur fundaði reglulega, samtals átta sinnum yfir skólaárið. Stýrihópur kortlagði stöðuna á námsmati í sínum skólum og kynntu meðlimir stýrihóps hver fyrir öðrum það sem er líkt og ólíkt með fyrirkomulagi í þessum þremur skólum. Einnig skoðaði hópurinn það sem aðrir skólar hafa birt á sínum vefsíðum og vann úr því sem fram kom á fræðslu- og vinnufundum með kennurum og skipulagði umfjöllunarefni samstarfsfólks síns.

Stýrihópur hittist fyrst á fundi 4. október 2012 og skipulagði þá starf vetrarins. Á þeim fundi var rætt um mikilvægi þess að bera saman námsmat skólanna til að komast að því á hvað punkti þarf að byrja

vinnu við samhæfingu námsmatsins. Á fundi 16. október var skipulagt endanlega hvaða fræðsla yrði í boði fyrir kennara skólanna. Þann 6. nóvember vann stýrihópur í tveimur blönduðum hópum sem skráðu hvað er líkt og ólíkt í námsmati skólanna. Ritari var í hvorum hópi og skráði hann niður það sem niðurstaðar var um að væru „rétt“ svör, þ.e. lýsi best því sem um ræðir. Lagt var upp með að vera gagnrýnin og greinandi og spyrja út í það sem ekki skildist vel.

Stýrihópur skoðaði það sem fram kom í þeirri umræðu og velti fyrir sér hvað þau töldu mikilvægt að samræma og hvað má vera ólíkt. Niðurstaða þessarar vinnu var sú að það kom stýrihópi á óvart hversu mikil líkindi eru á milli skólanna þriggja varðandi skipulag og form á námsmati. Þann 29. nóvember var vinnufundur sem haldinn var 3. janúar 2013 með kennurum skólanna þriggja, skipulagður. 22. janúar var farið yfir það sem fram kom á vinnufundi kennara skólanna þriggja. 8. mars var rætt um lykilhæfni og reynt að komast að niðurstöðu um hvernig vinna ætti með hana í skólunum. Fólk var ekki alveg sammála um hvernig kvarðar væru bestir til að vinna með hana og ákveðið var að bíða með meiri vinnu með þá þar til greinahluti aðalnámskrárinnar kæmi út. Ákveðið var að kennari í Foldaskóla byrjaði á að gera drög að markmiðskafla um námsmat í skólanámskrá skólanna. 18. apríl var byrjað að skoða birtingaform námsvísa nokkurra skóla ásamt því að ræða drög að markmiðskafla um námsmat sem til stendur að birta í skólanámskrám skólanna. 13. maí voru skoðuð birtingaform námsvísa nokkurra skóla og einnig var kíkt í Mentor til að skoða hvar þar væri í boði. Beðið var um fund með Mentor, sá fundur var haldinn 21. maí í Hamraskóla.

## FRÆÐSLA FYRIR ALLAN KENNARAHÓPINN

Haldnir voru fjórir fræðslu- og vinnufundir fyrir alla kennara skólanna þriggja.

Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn 14. nóvember 14:00-16:00 í Foldaskóla, Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri Giljaskóla á Akureyri mætti á þann fund og fjallaði um lykilhæfni nemenda. Fræðslan var ætluð öllum kennurum skólanna.

Þann 11. desember, kl. 14:00-16:00 kom Erna Ingibjörg Pálsdóttir á fræðslufund með kennurum skólanna þriggja og fjallaði um leiðsagnarmat.

Þann 3. janúar, kl. 8:20-12:00 var haldinn vinnufundur með kennurum allra skólanna sem stýrihópur ásamt verkefnisstjóra skipulagði. Á þeim fundi var megináherslan á samræðu og greiningu hópa.

Þann 27. febrúar, kl. 14:45-16:30 var Þóra Björk Jónsdóttir, sérfræðingur með erindi um nýjar áherslu í nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

## AFRAKSTUR VERKEFNISINS

A) Stýrihópurinn komst að því að í nýju námskránni er:

- Aukin áhersla á þátttöku nemenda í námi sínu.
- Námsmati ætlað að **leiðbeina** nemendum til að ná markmiðum náms (leiðsagnarmat)
- Lagt til að **hæfni** og framfarir nemenda sé metið

B) Á vinnufundi 3. janúar voru kennarar skólanna þriggja beðnir um að forgangsraða atriðum sem þeir höfðu lagt fram að mikilvægt væri að vinna að.

65 sögðu álit sitt álit og 31 af þeim forgangsraðaði atriðum sem tengjast markmiðum, matskvörðum og viðmiðunum. Þar af eru 17 sem biðja um að gerðir verði matskvarðar um lykilhæfni (eiginlega 18 því sá sem velur vísun í Jón Baldvin Hannesson er að tala um það sama).

16 forgangsatriði tengdust leiðsagnarmati þar eru langflestir að biðja um tíma, svigrúm eða þjálfun til að geta sinnt því. Aðeins 3 af þessum 16 eru í raun að setja í forgang að nota leiðsagnarmat. Hinir 13 velja atriði sem fjalla um tíma og svigrúm.

9 vilja forgangsraða því að samræma ýmsa ólíka þætti varðandi námsmat. Hvert atriði fær fá stig.

9 vilja forgangsraða því að bæta sérúrræði og hópaskiptingu nemenda hvert atriði þar fær fá atkvæði.

Atkvæðin dreifast á nokkuð margt og þó 17 vilji helst vinna með lykilhæfni er það ekki sérlega stór hluti af 65 manns.

Vísbendingar eru um að gott væri að vinna með kennarahópnum að matskvörðum um lykilhæfni, og vinna með hópnum við að setja viðmið í námsgreinum, sem er hluti af leiðsagnarmati. Til að kvarðarnir verði hluti af vinnu kennaranna með nemendum og hæfi hverju tilefni er mikilvægt að kennararnir komi að þessari vinnu sjálfir. Annars er hætt við að kvarðarnir verði ekki annað en plagg í möppu.

Með einhverjum hætti er mikilvægt að bregðast við óskum kennara um að gefa svigrúm eða finna í sameiningu meiri tíma til að sinna leiðsagnarmati í kennslustundum. Það kallar væntanlega á breytingar á kennsluháttum.

C) Skólarnir sömdu sameiginlegan inngangskafla um námsmat til að birta í sínum skólanámskrám:

#### **Markmið námsmats eru:**

- Að meta þekkingu, leikni og hæfni nemenda á viðfangsefnum.
- Að meta framfarir nemenda og hvetja til náms.
- Að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geta náð settum markmiðum.
- Að veita upplýsingar til nemenda, forráðamanna og kennara um hæfni, framfarir, vinnubrögð og stöðu náms. Einnig að upplýsa viðtökuskóla og skólayfirvöld eftir því sem við á.
- Að greina hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

#### **Hvað er metið?**

Þekking, leikni og hæfni nemenda innan námssviðs samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla

Framfarir nemenda í námi.

Lykilhæfni í námi samkvæmt aðalnámskrá :

- Hæfni nemenda til tjáningar og miðlunar.
- Skapandi og gagnrýnin hugsun, frumkvæði, áræðni, og þrautseigja.
- Sjálfstæð vinnubrögð, samskipti og samstarf.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi, meta eigin framfarir, vinnubrögð og frammistöðu.

### Hvernig er matið?

Matið er samkvæmt viðmiðum um námsmat í **Aðalnámsskrá grunnskóla** kafla 9.4.

Lögð er áhersla á skýr markmið í námi hvers nemanda.

Áhersla er lögð á **leiðsagnarmat** sem byggist á því að nemandi og kennari velti fyrir sér framvindu náms og hvernig nemendur geta náð sem mestum framförum.

Mat á námi nemenda er byggt á **símati** út frá mismunandi gögnum:

- Munnleg, verkleg, skrifleg og myndræn verkefni.
- Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi.
- Vinnubækur og verkmöppur.
- Þátttaka í samræðum, tjáning og virkni.
- Einstaklings- og hópverkefni.
- Sjálfsmat og jafningjamat.
- Vettvangsathuganir og þemaverkefni.
- Matskvarðar sem lagðir eru til grundvallar námi og kennslu.

Á hverri önn er æskilegt að nota a.m.k. þrjár námsmatsaðferðir á námssviðinu.

Lögð er áhersla á að matið sé áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámsskrá. Til þess að svo verði þarf að meta nemanda á eigin forsendum og í samanburði við aðra.

### Hvenær er matið?

Mat á námi nemenda er byggt á símati yfir allt skólaárið.

Í Foldaskóla eru þrjár annir; frá ágúst til október, frá október til febrúar og frá febrúar til júní. Í lok haustannar er vitnisburður munnlegur, miðönn lýkur með munnlegum og skriflegum vitnisburði og vorönn með skriflegum vitnisburði. Auk þess eru nemenda- og foreldraviðtöl við lok haust- og miðannar.

Í Hamra- og Húsaskóla eru tvær annir, frá ágúst til janúar og frá janúar til júní. Við lok hvorrar annar er gefinn skriflegur vitnisburður. Samráðsfundir kennara, nemenda og foreldra eru á haust og vorönn. Námsmat í Hamra- og Húsaskóla byggir á símati með fjölbreyttum aðferðum.

D) Stýrihópur komst að því að ekki er þörf á því að samræma annafjölda í skólunum þremur. Umræða um birtingamynd námsmats í hverjum skóla fór ekki fram í hópnum. En umræða um hvernig birta á breytingar á námsmati í námsvísun/námsáætlunum nemenda haustið 2013 fór fram og lögð var áhersla á mikilvægi þess að uppbygging námsvísanna/námsáætlananna væri samræmd. Skoðuð voru nokkur dæmi um form frá nokkrum skólum.

E) Kennarahópar skólanna unnu skipulega að því að meta það sem nú er gert varðandi námsmat útfrá þeim nýjungum sem birtast í nýrri aðalnámsskrá.



F) Vorið 2013 hófst vinna við að samræma birtingarform námsvísa skólanna þriggja og þar inni kemur nánari útlitun á því sem metið er. Sú vinna verður birt haustið 2013.

## NÆSTU SKREF

Verkefnið er komið ágætlega af stað en ljóst er að það þarf að halda áfram vinnu við það til að breytingar á námsmati verði hluti af starfsháttum skólanna. Ákveðinn undirbúningsfasi var í gangi nýliðið skólaár og umræðan sem fram fór í stýrihópnum og í kennarahópnum var nauðsynleg og vegna hennar vita þátttakendur meira um nýjar áherslur í Aðalnámskrá en áður. Það er misjafnt hvernig og hversu mikið skólar unnu með sínum kennurum til að breyta því sem fyrir er í hverjum skóla til samræmis við nýja Aðalnámskrá og eru umræðan og breytingaferlið í hverjum skóla því komið mislangt á veg. Það starf mun halda áfram skólaárið 2013-2014 og einnig skólaárið 2014-2015. En allir kennarar skólanna fengu fræðslu um nýjar áherslur í námsmati, lásu námsmatskafla aðalnámskrár og báru þær nýjungar sem þar koma fram saman við það hvernig þeir hafa unnið.

Næstu skref í skólunum þremur væru að:

- Samræma og uppfæra námsvísa/námsáætlanir (sú vinna hófst vorið 2013 og heldur áfram haustið 2013)
- Forgangsraða þeim leiðum sem á að byrja á að prófa til að breyta námsmati.
- Að þróa form til birtingar á námsmati.

Markmið með námsmati skólanna þriggja ætti m.a. að vera að leita leiða til að gera nemendur virkari í námi sínu og að byggja á því sem nemendur geta en ekki því sem þá skortir. Einnig er mikilvægt að áherslan sé á að nemendur glími við innihald verkefnanna, viti hver markmið séu og hver eru viðmið um árangur (sbr. húsateikningin í fyrirlestri hjá Þóru Björk Jónsdóttur). Ef nemendur vita ekki til hvers er ætlast af þeim er erfitt fyrir þá að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga matsaðferðir að vera fjölbreyttar:

*Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.*

Bók Ernu Ingibjargar Pálsdóttur um Fjölbreytt námsmat, gefur ágæt dæmi um fjölbreytt námsmat.

Hæfniviðmið fyrir 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk eru sett fram í Aðalnámskrá. Þau eru nokkurskonar leiðarljós sem á að fylgja í starfi skólanna.

Kennarahópurinn þarf tækifæri til að gera tilraunir með að gera nemendur virkari í námi sínu í gegnum viðmið. Mætti t.d. byrja á þremur litlum hópum sem hver tæki eitt verkefni, námsþátt eða kennslustund og prófaði að undirbúa og kenna.

Kennarahópurinn þarf tækifæri til að skilgreina hugtök eins og jafningjamat, sjálfsmat, símat, leiðsagnarmat (ákveðinn hópur gæti t.d. tekið að sér að ræða og skilgreina valið hugtak og kynna svo fyrir hópnum, sína túlkun).

Kennarar skólanna gætu unnið að því að safna dæmum að útfærslum á fjölbreyttum matsaðferðum og búið til eyðublöð eða lýsingar á þeim. Fyrirlestur Hildar Karlsdóttur, kennara í Álftanesskóla, sem hún hélt á fræðslufundi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, gæti nýst sem fóður í þann hugmyndabanka. <http://ssh.menntamidja.is/leidsagnarmat/vidmid-og-matskvardar/>

Leiðir í jafningjamati þurfa kennarar að ræða og prófa sig áfram með og til að nemendur geti stundað jafningjamat þurfa viðmið að vera skýr.

Sjálfsmat getur verið með ýmsu móti og kennarar þurfa að ræða fjölbreyttar leiðir til þess, en sjálfsmat virkar best þegar viðmið eru skýr og nemendur vita hvaða þætti þeir eiga að meta varðandi eigin hæfni eða þekkingu.

Hægt er að skoða það sem Jón Baldvin Hannesson hefur sett fram um viðmið um lykilhæfni, Þóra Björk Jónsdóttir nefndi þetta einnig í sínum fyrirlestri og Erna Ingibjörg Pálsdóttir. Þetta eru viðmið sem snúa að vinnubrögðum nemenda og hæfni til að taka ábyrgð, tjá sig o.fl. Skipuleggja þarf hvernig á að vinna með þessa þætti og meta þá.

## LOKAORÐ

Vinnan skólaárið 2012-2013 var gott upphaf að vinnu við samhæft námsmat og innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla. Stýrihópur verkefnisins er sammála því að mikilvægt var að gefa samræðunni tíma, enda er fyrsta skrefið í þá veru að breyta námsmati til samræmis við áherslu nýrrar aðalnámskrár að skilja í hverju þær áherslur felast. Einnig var vinna við stöðumat í hverjum skóla mikilvæg til að gera sér grein fyrir hverju þarf að breyta í skólunum og fá mynd af umfangi þeirrar vinnu sem framundan er.

Það er ekki fyrr en nú þegar hefur náðst skilningur á þeim áherslum sem hægt verður að fara markvisst að skipuleggja breytingastarf til samræmis við þær áherslur. Skólarnir þrír ætla sér að gera innleiðingaráætlun sem samræmist innleiðingaráætlun skóla- og frístundasviðs og vinna skv. henni næsta skólaár. Vegna góðrar reynslu af samstafinu í vetur stefna skólarnir þrír að áframhaldandi samstarfi við samhæfingu á námsmati og á innleiðingu nýrrar aðalnámskrá næsta skólaár.